

Forsætisnefnd
17. ágúst 2018

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að fundir borgarráðs og borgarstjórnar færist kerfisbundið milli hverfa

Lagt er til að staðsetning fundar borgarráðs og borgarstjórnar færist kerfisbundið milli hverfa með reglulegum hætti. Sama gildir um aðra fundi ráða og nefnda borgarinnar, þeir ættu einnig að vera haldnir út í hverfum með reglulegu millibili þ.e. „róterast“.

Greinargerð:

Ekki allir kjörnir fulltrúar eða starfsmenn nefnda og ráða sem búa í úthverfum borgarinnar eiga þess kost eða kjósa að koma til vinnu sinnar í miðbæinn eða í Borgartúnið á hjólum eða með almenningssamgöngum. Borgarfulltrúar og aðrir sem sitja fundi borgarinnar búa vítt og breitt um borgina. Þeir sem koma á sínum einkabíl eiga oft í mesta basli með að fá bílastæði í miðbænum og í kringum Höfðatorg. Bílastæðagjald fyrir heilan dag í miðbænum er á annað þúsund krónur. Þess utan er umferð frá úthverfum og niður í miðbæ og í Borgartúnið afar þung og gildir orðið einu hvenær dags er. Morgnar og seinnipartur dags eru vissulega langerfiðastir en þá tekur allt að 45 mín. að aka sem dæmi til og frá efra Breiðholti og niður í miðbæ. Nú þegar til stendur að loka Gömlu Hringbrautinni mun sá tími sem tekur að aka þessa leið jafnvel aukast enn frekar vegna enn þyngri umferðar sem mun þá skapast. Það er þess vegna lýðræðislegt að halda fundi borgarinnar víðar í borginni en í Ráðhúsinu eða á Höfðatorgi.